

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 10 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn.
SOMAVERT 15 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn.
SOMAVERT 20 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn.
SOMAVERT 25 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn.
SOMAVERT 30 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

SOMAVERT 10 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn

Eitt hettuglas inniheldur 10 mg pegvisomant.

Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 10 mg pegvisomant.*

Hjálparefni með þekkta verkun

10 mg styrkleiki lyfsins inniheldur 0,4 mg af natríum í hverju hettuglasi.

SOMAVERT 15 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn

Eitt hettuglas inniheldur 15 mg pegvisomant.

Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 15 mg pegvisomant.*

Hjálparefni með þekkta verkun

15 mg styrkleiki lyfsins inniheldur 0,4 mg af natríum í hverju hettuglasi.

SOMAVERT 20 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn

Eitt hettuglas inniheldur 20 mg pegvisomant.

Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 20 mg pegvisomant.*

Hjálparefni með þekkta verkun

20 mg styrkleiki lyfsins inniheldur 0,4 mg af natríum í hverju hettuglasi.

SOMAVERT 25 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn

Eitt hettuglas inniheldur 25 mg pegvisomant.

Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 25 mg pegvisomant.*

Hjálparefni með þekkta verkun

25 mg styrkleiki lyfsins inniheldur 0,5 mg af natríum í hverju hettuglasi.

SOMAVERT 30 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn

Eitt hettuglas inniheldur 30 mg pegvisomant.

Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 30 mg pegvisomant.*

Hjálparefni með þekkta verkun

30 mg styrkleiki lyfsins inniheldur 0,6 mg af natríum í hverju hettuglasi.

*framleitt í *Escherichia coli* frumum með DNA samrunaerfðatækni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og leysir, lausn (stungulyfsstofn).

Stungulyfsstofninn er hvítur til beinhvítur.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Til meðferðar hjá fullorðnum sjúklingum með æsavöxt (acromegaly) sem ekki hafa sýnt nægilega svörun við skurðaðgerð og/eða geislameðferð og viðeigandi lyfjameðferð með somatostatin hliðstæðum færði þéttni IGF-I (insulin growth factor I) ekki að eðlilegum gildum eða að sjúklingurinn þoldi ekki meðferðina.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Hefja skal meðferð undir umsjón læknis með reynslu í meðferð við æsavexti.

Skammtar

Undir eftirliti læknis skal gefa pegvisomant 80 mg hleðsluskammt undir húð. Síðan skal gefa SOMAVERT 10 mg, leyst upp í 1 ml af leysi, einu sinni á sólarhring undir húð.

Breytingar á skömmtum skulu byggjast á sermispéttni IGF-I. Á fjögurra til sex vikna fresti skal mæla sermispéttni IGF-I og breyta skammti eftir því sem við á, um 5 mg/sólarhring hverju sinni, til að halda sermispéttni IGF-I innan eðlilegra marka miðað við aldur og til að viðhalda æskilegri meðferðarsvörun.

Mat á grunnildum lifrarensíma áður en meðferð með SOMAVERT er hafin

Áður en meðferð með SOMAVERT er hafin skal meta grunnildi lifrarprófa [alanín-amínótransferasa (ALAT) í sermi, aspartat-amínótransferasa (ASAT), heildarbilírúbíns í sermi (TBIL) og alkalísks fosfatasa (ALP)]. Ráðleggingar um upphaf meðferðar með SOMAVERT á grundvelli grunnilda lifrarprófa og ráðleggingar um eftirlit með lifrarprófum meðan á meðferð með SOMAVERT stendur er að finna í töflu A í „*Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun*“ (4.4).

Hámarksskammtur skal ekki fara yfir 30 mg/sólarhring.

Fyrir hina mismunandi skömmtun er lyfið fáanlegt í eftirtöldum styrkleikum: SOMAVERT 10 mg, SOMAVERT 15 mg, SOMAVERT 20 mg, SOMAVERT 25 mg og SOMAVERT 30 mg.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun SOMAVERT hjá börnum á aldrinum 0 til 17 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Aldraðir

Ekki þarf að breyta skömmtum.

Skert lifrar- eða nýrnastarfsemi

Öryggi og verkun SOMAVERT hefur ekki verið staðfest hjá sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi.

Lyfjagjöf

Pegvisomant skal gefið með inndælingu undir húð.

Breyta skal um stungustað daglega til að forðast myndun fituhnúða.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Vaxtarhormónseytandi æxli

Þar sem vaxtarhormónseytandi heiladingulsæxli geta stundum stækkað og valdið alvarlegum fylgikvillum (t.d. skerðingu sjónsviðs), er mikilvægt að fylgjast náið með öllum sjúklingum. Ef fram koma merki um æxlisstækkun getur verið ráðlegt að grípa til annarra aðgerða.

Mælingar á sermispéttni IGF-I

Pegvisomant er öflugur blokki á áhrif vaxtarhormóns. Vaxtarhormónsskortur getur komið fram sem afleiðing af notkun lyfsins, þrátt fyrir aukið magn vaxtarhormóns í sermi. Fylgjast skal með sermispéttni IGF-I og henni haldið innan eðlilegra marka miðað við aldur, með því að breyta skammti pegvisomants.

Aukning á ALAT eða ASAT

Áður en meðferð með SOMAVERT er hafin skal meta grunnildi lifrarprófa [alanín-amínótransferasa (ALAT) í sermi, aspartat-amínótransferasa (ASAT), heildarbilírúbíns í sermi (TBIL) og alkalísks fosfatas (ALP)].

Hjá sjúklingum með aukið ALAT og ASAT, sem og hjá sjúklingum með sögu um meðferð með einhverri somatostatinhlíðstæðu, skal útiloka teppusjúkdóm í gallvegi. Hætta skal notkun pegvisomants ef vísbendingar um lifrarsjúkdóm eru viðvarandi.

Ráðleggingar um upphaf meðferðar með SOMAVERT á grundvelli grunnilda lifrarprófa og ráðleggingar um eftirlit með lifrarprófum meðan á meðferð með SOMAVERT stendur er að finna í töflu A.

Tafla A: Ráðleggingar um upphaf meðferðar með SOMAVERT á grundvelli grunnilda lifrarprófa og ráðleggingar um reglubundið eftirlit með lifrarprófum meðan á meðferð með SOMAVERT stendur

Grunngildi lifrarprófa	Ráðleggingar
Eðlileg	• Veita má meðferð með SOMAVERT. • Fylgjast skal með sermispéttni ALAT og ASAT á 4-6 vikna fresti fyrstu 6 mánuði meðferðar með SOMAVERT og hverju sinni sem sjúklingar sýna einkenni sem bent geta til lifrabólgu.
Hækkuð, en þó ekki hærri en þreföld efri viðmiðunarmörk	• Veita má meðferð með SOMAVERT; þó skal fylgjast með lifrarprófum mánaðarlega í að minnsta kosti 1 ár eftir upphaf meðferðar og eftir það tvisvar á ári næsta árið.
Hærri en þreföld efri viðmiðunarmörk	• Ekki skal veita meðferð með SOMAVERT fyrr en ítarleg rannsókn sker úr um ástæðu skertrar lifrarstarfsemi hjá sjúklingnum. • Gangið úr skugga um hvort gallsteinar eða gallrásarsteinar séu til staðar, sér í lagi hjá sjúklingum með fyrri sögu um meðferð með somatostatinhlíðstæðu.

Grunngildi lifrarprófa	Ráðleggingar
	- Á grundvelli rannsóknarinnar skal íhuga hvort hefja eigi meðferð með SOMAVERT. - Ef ákvörðun er tekin um að veita meðferð skal fylgjast mjög náið með lifrarprófum og klínískum einkennum.

Skammstafanir: ALAT = alanín-amínótransferasi; ASAT = aspartat-amínótransferasi

Ef hækkun verður á lifrarprófum hjá sjúklingnum eða önnur merki eða einkenni eru um skerta lifrarstarfsemi meðan á meðferð með SOMAVERT stendur er mælt með eftirfarandi meðhöndlun sjúklings (tafla B).

Tafla B: Klínískar ráðleggingar vegna óeðlilegra lifrarprófa meðan á meðferð með SOMAVERT stendur

Lifrarpróf og klínísk teikn/einkenni	Ráðleggingar
Hækkuð, en þó ekki hærri en þreföld efri viðmiðunarmörk	Halda má meðferð áfram með SOMAVERT. Þó skal fylgjast með lifrarprófum mánaðarlega til að ákvarða hvort frekari hækkunir eiga sér stað.
Hærri en þreföld efri viðmiðunarmörk en þó lægri en fimmföld efri viðmiðunarmörk (án teikna/einkenna um lifrabólgu eða annan lifrarskaða eða aukningu á heildarbilrúbíni í sermi)	- Halda má meðferð áfram með SOMAVERT. Þó skal fylgjast með lifrarprófum vikulega til að ákvarða hvort frekari hækkunir eiga sér stað (sjá neðar). - Gera skal ítarlega rannsókn á lifrarstarfsemi til að skera úr um hvort önnur ástæða fyrir skertri lifrarstarfsemi er til staðar.
Að minnsta kosti fimmföld efri viðmiðunarmörk, eða hækkun á transaminasa sem nemur að minnsta kosti þreföldum efri viðmiðunarmörkum samhliða hækkun á heildarbilrúbíni í sermi (með eða án teikna/einkenna um lifrabólgu eða annan lifrarskaða)	- Stöðva skal meðferð með SOMAVERT tafarlaust. - Gera skal ítarlega rannsókn á lifrarstarfsemi, þar á meðal endurtekin lifrarpróf, til að ganga úr skugga um hvort og hvenær gildi í sermi verða eðlileg á ný. - Ef lifrarpróf verða eðlileg (hvort sem önnur ástæða finnst fyrir skertri lifrarstarfsemi eða ekki) skal íhuga að hefja meðferð með SOMAVERT varlega á ný, og fylgjast ört með lifrarprófum.
Teikn eða einkenni sem gefa til kynna lifrabólgu eða annan lifrarskaða (t.d. gula, gallrauðamiga, þreyta, ógleði, uppköst, kviðverkur í efri hægri fjórðungi, kviðarholsvökvi, óútskýrður bjúgur, marblettir af litlu tilefni)	- Gera skal ítarlega rannsókn á lifrarstarfsemi án tafar. - Ef lifrarskaði er staðfestur skal stöðva gjöf lyfsins.

Blóðsykurslækkun

Rannsóknin sem gerð var á notkun pegvisomants hjá sykursýkisjúklingum, sem fengu meðferð með annaðhvort insúlíni eða sykursýkislyfjum til inntöku, leiddi í ljós hættu á blóðsykurslækkun hjá þessum hópi. Því kann að vera nauðsynlegt að minnka skammt insúlíns og sykursýkislyfja til inntöku hjá sykursýkisjúklingum með æsavöxt (sjá kafla 4.5).

Bætt frjósemi

Ávinningur af minnkaðri þéttni IFG-I, sem leiðir til þess að klínískt ástand sjúklinga batnar, getur hugsanlega einnig haft í för með sér bætta frjósemi kvenkyns sjúklinga (sjá kafla 4.6).

Meðganga

Stjórn æsavaxtar getur verið bætt á meðgöngu. Notkun pegvisomants er ekki ráðlögð á meðgöngu (sjá kafla 4.6). Ef pegvisomant er notað á meðgöngu skal fylgjast vel með þéttni IGF-I og það getur þurft að aðlaga skammta pegvisomants (sjá kafla 4.2) byggt á IGF-I gildum.

Inniheldur natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti. Upplýsa má sjúklinga á natríumskertu mataræði um að þetta lyf sé sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum. Íhuga skal hvort meðferð með somatostatin hliðstæðum skuli haldið áfram. Notkun lyfsins samtímis öðrum lyfjum til meðferðar við æsavexti hefur ekki verið rannsökuð ítarlega.

Hjá sjúklingum sem nota insúlín eða sykursýkislyf til inntöku kann að vera nauðsynlegt að minnka skammt virka efnisins vegna áhrifa pegvisomants á næmi fyrir insúlíni (sjá kafla 4.4).

Pegvisomant er byggingarlega séð svipað vaxtarhormóni, sem veldur víxlverkun þess í almennt fánlegum vaxtarhormónsmælingum. Vegna þess að sermisþéttni meðferðarskammta af lyfinu er yfirleitt 100 til 1.000-falt meiri en raunveruleg sermisþéttni vaxtarhormóns hjá sjúklingum með æsavöxt (acromegaly), munu vaxtarhormónsmælingar sýna falskar niðurstöður hvað varðar sermisþéttni vaxtarhormóns. Því skal hvorki byggja eftirlit með pegvisomant meðferð né breytingar á henni, á niðurstöðum slíkra prófa hvað varðar sermisþéttni vaxtarhormóns.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun pegvisomants á meðgöngu. Fyrirliggjandi upplýsingar úr dýrarannsóknunum nægja ekki til að segja fyrir um eiturvekanir á æxlun (sjá kafla 5.3).

SOMAVERT er ekki ráðlegt til notkunar á meðgöngu og hjá konum á barneignaraldri sem ekki nota getnaðarvörn.

Ef pegvisomant er notað á meðgöngu skal fylgjast vel með þéttni IGF-I, sérstaklega á fyrsta þriðjungi meðgöngunnar. Það getur þurft að aðlaga skammta pegvisomants á meðgöngu (sjá kafla 4.4).

Brjóstagjöf

Ekki hafa verið framkvæmdar dýrarannsóknir til að kanna hvort pegvisomant skilst út í móðurmjólk. Klínískar rannsóknarniðurstöður eru of takmarkaðar (greint hefur verið frá einu tilfelli) til að álykta hvort pegvisomant skilst út í brjóstamjólk. Því ættu konur með barn á brjósti ekki að nota pegvisomant. Hinsvegar má halda brjóstagjöf áfram ef hætt er að nota lyfið: ákvörðun um það skal taka með ávinning pegvisomant meðferðar fyrir móðurina og ávinning brjóstagjafar fyrir barnið í huga.

Frjósemi

Engin gögn liggja fyrir um áhrif pegvisomants á frjósemi.

Meðferðarlegur ávinningur af minnkaðri þéttni IGF-I sem leiðir til þess að klínískt ástand sjúklinga batnar, getur hugsanlega einnig haft í för með sér bætta frjósemi kvenkyns sjúklinga.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna áhrif lyfsins á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt öryggisupplýsinga

Í listanum hér á eftir koma fram aukaverkanir sem sáust í klínískum rannsóknum með SOMAVERT.

Í klínískum rannsóknum hjá sjúklingum sem fengu pegvisomant ($n=550$) voru flestar aukaverkanir pegvisomants vægar eða í meðallagi, skammvinnar og leiddu ekki til þess að hætta þyrfti meðferð.

Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá í klínísku rannsóknunum hjá $\geq 10\%$ sjúklinga með æsavöxt (acromegaly) og sem fengu meðferð með pegvisomanti, voru höfuðverkur 25%, liðverkir 16% og niðurgangur 13%.

Tafla yfir aukaverkanir

Í töflunni hér að neðan eru talðar upp aukaverkanir sem tilkynnt hefur verið um í klínískum rannsóknum eða eftir markaðssetningu lyfsins, flokkaðar eftir líffæraflokkum og tíðni.

Aukaverkanir eru talðar upp hér á eftir, í samræmi við eftirfarandi:

Mjög algengar $\geq 1/10$
Algengar: $\geq 1/100$ til $< 1/10$
Sjaldgæfar: $\geq 1/1.000$ til $< 1/100$

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

Líffæraflokkum	Mjög algengar ($\geq 1/10$)	Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)	Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)	Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)
Blóð og eitlar			Blóðflagnafæð, hvítfrumnafæð, hvítfrumnafjölgun, blæðingarhneigð	
Ónæmiskerfi			Ofnæmisviðbrögð ^b	Bráðaofnæmis viðbrögð ^b , bráðaofnæmis lík viðbrögð ^b
Efnaskipti og næring		Kólesterólhækkun, blóðsykurshækkun, blóðsykurslækkun, þyngdarauknin g	Þríglýseríðahækkun	
Geðræn vandamál		Öðlilegir draumar	Felmturskast, skammtíma minnisleysi, sinnuleysi, ringlun (confusion), svefntruflanir, aukin kynhvöt	Reiði

Líffæraflokkur	Mjög algengar (≥1/10)	Algengar (≥1/100 til <1/10)	Sjaldgæfar (≥1/1.000 til <1/100)	Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)
Taugakerfi	Höfuðverkur	Svefnhöfgi, skjálfti, sundl, skert húðskyn	Svefnflog (narcolepsy), mígreni, breytt bragðskyn	
Augu		Augnverkur	Augnþreyta	
Eyru og vöndarhús			Meniere sjúkdómur	
Hjarta		Bjúgur á útlimum		
Æðar		Háþrýstingur		
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti		Mæði		Raddbandakra mpi ^b
Meltingarfæri	Niðurgangur	Uppköst, hægðatregða, ógleði, uppþemba, meltingartruflanir, vindgangur	Gyllinæð, ofseyting munnvatns, munnþurrkur, tannvandamál	
Lifur og gall		Óeðlileg lifrarpróf (t.d. hækkun á transamínasa) (sjá kafla 4.4)		
Húð og undirhúð		Ofsvitnun (hyperhidrosis), mar, kláði ^b , útbrot ^b	Andlitsbjúgur, húðþurrkur, aukin tilhneiging til mars, nætursviti, roði ^b , ofsakláði ^b	Ofsabjúgur ^b
Stoðkerfi og bandvefur	Liðverkir	Vöðvaverkir, líðbólga		
Nýru og þvaggfæri		Blóðmiga	Próteinmiga, aukin þvaglát, skert nýrnastarfsemi	
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað		Einkenni á stungustað (þ.á m. ofnæmisviðbrögð á stungustað), mar eða blæðing á stungustað, vefaukning á stungustað (t.d. myndun fituhnúða) ^a , flensulík einkenni,	Vanlíðan, skertur gróandi, svengd	

Líffæraflokkur	Mjög algengar ($\geq 1/10$)	Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)	Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)	Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)
		þreyta, þróttleysi, hiti		

^a sjá Lýsing valinna aukaverkana hér fyrir neðan.

^b aukaverkun tengist ofnæmisviðbrögðum.

Lýsing valinna aukaverkana

Við flestum einkennum á stungustað, sem lýsa sér sem staðbundinn hörundsroði og eymsli, næst bati með staðbundinni meðferð eftir einkennum meðan meðferð með pegvisomanti er haldið áfram. Greint hefur verið frá tilfellum um vefaukningu á stungustað, þ.m.t. myndun fituhnúða.

Myndun afmarkaðra (isolated) lágtitra mótefna gegn and-vaxtarhormóni sást hjá 16,9% sjúklinga sem fengu pegvisomant. Klínískt mikilvægi þessara mótefna er ekki þekkt.

Tilkynnt hefur verið um altæk ofnæmisviðbrögð, þ.m.t. bráðafnæmi/óþol, krampa í barkakýli, ofsabjúg, almenn húðviðbrögð (útbrot, hörundsroða, kláða, ofsakláða) eftir markaðssetningu lyfsins. Sumir þessara sjúklinga þurftu að leggjast inn á sjúkrahús. Þegar sjúklingunum var gefið lyfið aftur komu einkennin ekki fram á ný hjá þeim öllum.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Takmörkuð reynsla liggur fyrir af ofskömmun með pegvisomanti. Í eina tilvikinu sem greint hefur verið frá um bráða ofskömmun, þar sem 80 mg/sólarhring voru gefin í 7 daga, fann sjúklingurinn fyrir lítið eitt aukinni þreytu og munnþurrki. Í vikunni eftir að meðferð var hætt sást eftirtaldar aukaverkanir: Svefnleysi, aukin þreyta, bjúgur á útlimum, skjálfti og þyngdaraukning. Tveimur vikum eftir að meðferð var hætt sást hvítfrumnaþjölun og dálitlar blæðingar frá stungustöðum og þar sem stungið hafði verið á bláæð og var þetta talið hugsanlega tengt pegvisomanti.

Við ofskömmun skal hætta notkun lyfsins og hún ekki hafin að nýju fyrr en gildi IGF-I eru að nýju innan eðlilegra marka eða fyrir ofan þau.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Aðrir hormónar, framhluta heiladinguls og hliðstæður, ATC-flokkur: H01AX01.

Verkunarháttur

Pegvisomant er hliðstæða vaxtarhormóns manna, sem hefur með erfðafræðilegum aðferðum verið breytt þannig að það blokkar vaxtarhormónsviðtaka. Pegvisomant binst vaxtarhormónsviðtökum á yfirborði frumna, þar sem það hindrar bindingu vaxtarhormóns og truflar þannig boðflutning vaxtarhormóns innan frumna. Pegvisomant er mjög sértækt fyrir vaxtarhormónsviðtökum og víxlverkar ekki við aðra cytokinviðtaka, þar á meðal viðtaka prolaktíns.

Lyfhrif

Hömlun á verkun vaxtarhormóns af völdum pegvisomants leiðir til minnkaðrar sermisþéttni insúlín-líks vaxtarþáttar-I (IGF-I), sem og minnkaðrar sermisþéttni annarra próteina sem svara vaxtarhormóni, til dæmis óbundins IGF-I, sýruóstöðugar undireiningar IGF-I (ALS) og bindipróteins-3 insúlín-líks vaxtarþáttar (IGFBP-3).

Verkun og öryggi

Sjúklingar (n=112) með æsavöxt (acromegaly) hafa fengið meðferð í 12 vikna slembivals, tvíblindri, fjölsetra rannsókn þar sem lyfleysa var borin saman við pegvisomant. Skammtaháð, tölfræðilega marktæk minnkun á meðaltalsgildum IGF-I ($p<0,0001$), óbundins IGF-I ($p<0,05$), IGFBP-3 ($p<0,05$) og ALS ($p<0,05$) sást í öllum tilvikum, miðað við upphafsgildi, hjá hópunum sem fengu meðferð með pegvisomanti. Í lok rannsóknarinnar (vika 12) voru sermisgildi IGF-I orðin eðlileg hjá 9,7%, 38,5%, 75% og 82% einstaklinga sem fengu meðferð með lyfleysu, 10 mg/sólarhring, 15 mg/sólarhring eða 20 mg/sólarhring af pegvisomanti, talið í sömu röð.

Tölfræðilega marktækur munur miðað við lyfleysu ($p<0,05$), sást hvað varðar ávinning í heildarskori einkenna hjá öllum skammtahópunum, samanborið við lyfleysu.

Hópi 38 sjúklinga með æsavöxt (acromegaly) hefur verið fylgt eftir í langtíma, opinni, skammtabreytinga (dose-titration) rannsókn þar sem pegvisomant hefur verið gefið daglega í að minnsta kosti 12 mánuði samfelld (meðaltal = 55 vikur). Meðalþéttni IGF-I hjá þessum hópi féll úr 917 ng/ml í 299 ng/ml þegar pegvisomant var gefið og hjá 92% náðist eðlileg þéttni IGF-I (að teknu tilliti til aldurs).

Í mismunandi rannsóknum og einnig í Acrostudy rannsókninni, færði pegvisomant IGF-1 gildi að eðlilegum gildum hjá háu hlutfalli sjúklinga ($> 70\%$) og dró marktækt úr gildum fastandi glúkósa í plasma (FPG) og fastandi insúlíns í plasma (FPI).

Pegvisomant bætir einnig næmi fyrir insúlíni, en það er líklega vegna þess að það blokkar vaxtarhormónsviðtaka á vefjum, einkum í lifur en einnig í fituvef, nýrum og beinagrindarvöðvum, og eyðir þar með skaðlegum áhrifum vaxtarhormóna á boðleiðir insúlíns, fituleysingu og nýmyndun glúkósa. Hins vegar er verkunarháttur allra þessara áhrifa ekki þekktur með vissu. Það kann að vera nauðsynlegt að lækka skammta insúlíns eða blóðsykurslækkandi lyfja hjá sjúklingum með æsavöxt ásamt sykursýki (sjá kafla 4.4 og 4.5).

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Frásog pegvisomants eftir gjöf undir húð er hægt og langvinnt og hámarksþéttni pegvisomants í sermi næst yfirleitt ekki fyrr en 33-77 klst. eftir lyfjagjöf. Að meðaltali frásoguðust 57% af skammti gefnum undir húð, miðað við skammt gefinn í bláæð.

Dreifing

Sýnilegt (apparent) dreifingarrúmmál pegvisomants er hlutfallslega lítið (7-12 l).

Umbrot

Umbrot pegvisomants hafa ekki verið rannsökuð.

Brotthvarf

Áætlað er að meðaltal samanlagðrar almennrar (systemic) heildarúthreinsunar eftir endurtekna skammta sé 28 ml/klst. fyrir skammta á bilinu 10 til 20 mg/sólarhring sem gefnir eru undir húð. Nýrnaúthreinsun pegvisomants er óveruleg og er innan við 1% af heildarúthreinsun líkamans. Brotthvarf pegvisomants úr sermi gerist hægt og áætlað meðaltal helmingunartíma er venjulega á bilinu 74 til 172 klst. eftir staka eða endurtekna skammta.

Línulegt/ólínulegt samband

Eftir gjöf eins skammts af pegvisomanti undir húð sést ekkert línulegt samhengi við stækkandi skammta, 10, 15 eða 20 mg. Í þýðisrannsóknum á lyfjahvörfum sjást nokkurn veginn línuleg lyfjahvörf við jafnvægi (steady state). Upplýsingar frá 145 sjúklingum í tveimur langtíma rannsóknum, sem fengu 10, 15 eða 20 mg daglegan skammt, sýndu meðaltal ($\pm$ SD) sermisþéttni pegvisomants um það bil 8.800 ± 6.300 , 13.200 ± 8.000 og 15.600 ± 10.300 ng/ml, talið í sömu röð.

Lyfjahvörf pegvisomants eru sambærileg hjá venjulegum, heilbrigðum sjálfboðaliðum og sjúklingum með æsavöxt (acromegaly), enda þótt þyngri einstaklingar hafi tilhneigingu til meiri heildarúthreinsunar pegvisomants en þeir sem léttari eru og kunni því að þurfa stærri skammta af pegvisomanti.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Aðrar upplýsingar en klínískar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, byggt á rannsóknum á eiturverkunum eftir endurtekna skammta hjá rottum og öpum. Vegna greinilegrar lyfjafræðilegrar svörunar hjá öpum, hefur almenn útsetning (systemic exposure), umfram það sem gerist hjá sjúklingum við ráðlagða skammta, þó ekki verið rannsökuð.

Illkynja bandvefsrík átfrumuæxli ásamt bandvefsmyndun og átfrumubólgu komu fram á stungustöðum hjá karlkyns rottum í rannsókninni á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá rottum, þegar útsetning fyrir lyfinu var þreföld sú útsetning sem á sér stað hjá mönnum miðað við meðalþéttni í plasma, í tveimur langtímarannsóknum með daglegum 30 mg skömmtum. Mikilvægi þessarar svörunar fyrir menn er óþekkt. Hækkun tíðni æxla á stungustað var líklegast af völdum ertingar og mikillar næmi fyrir endurteknum inndælingum undir húð hjá rottum.

Gerðar voru rannsóknir á þroska snemma á fósturstigi og þroska fósturvísis og fósturs hjá ungafullum kaninum þar sem pegvisomant var gefið undir húð í skömmtum sem námu 1, 3 og 10 mg/kg/dag. Engar vísbendingar komu fram um vansköpunarvaldandi áhrif í tengslum við gjöf pegvisomants á meðan á líffæramyndun stóð. Við 10 mg/kg/dag (6 sinnum hámarks meðferðarskammtur fyrir menn byggt á líkamsyfirborði) sást aukið fanglát eftir hreiðrun í báðum rannsóknum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á frjósemi.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn:

Glýsín

Mannitól (E421)

Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt

Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat

Leysir:

Vatn fyrir stungulyf.

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

Nota á lyfið strax eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið hettuglösin í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósá. Geymið hettuglösin í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Öskju með SOMAVERT hettuglösum með stungulyfsstofni má geyma við stofuhita að hámarki 25°C í eitt tímabil sem nemur allt að 30 dögum. Notist fyrir dagsetningu skal skrifa á öskjuna (allt að 30 dögum frá því að hún er tekin úr kæli). Verja verður hettuglösin fyrir ljósi og ekki má setja þau aftur í kæli. Farga verður SOMAVERT hettuglösum með stungulyfsstofni ef þau eru ekki notað innan 30 daga geymslutímabilisins við stofuhita eða fyrir fyrningardagsetninguna sem prentuð er á öskjuna, hvort sem fyrr verður.

Geymið áfylltu sprautuna/sprauturnar við lægri hita en 30°C eða geymið í kæli (2°C – 8°C). Má ekki frjósá.

Eftir blöndun:

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

10 mg, 15 mg, 20 mg, 25 mg eða 30 mg af pegvisomanti í stungulyfsstofni í hettuglasi (úr tinnugleri af gerð I) með tappa (klóróbútýlgúmmí) og 1 ml af leysi (vatn fyrir stungulyf) í áfylltri sprautu (bórósílikat gler af gerð I) með stimpiltappa (brómóbútýlgúmmí) og sprautulok (tip cap) (brómóbútýlgúmmí). Litur plastloksins er sértækur fyrir styrk lyfsins.

SOMAVERT 10 mg og 15 mg

Pakkning með 30 hettuglösum, áfylltum sprautum og öryggisnálum.

SOMAVERT 20 mg, 25 mg og 30 mg

Pakkning með 1 og 30 hettuglösum, áfylltri sprautu/áfylltum sprautum og öryggisnál/-nálum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.


6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Sprautan og öryggisnálín sem eru notaðar við inndælinguna fylgja með lyfinu.

Áður en meðfylgjandi öryggisnál er fest, verður að fjarlægja sprautulokið af áfylltu sprautunni. Slíkt er gert með því að smella lokinu af. Halda skal sprautunni uppréttri til að koma í veg fyrir leka og gæta skal þess að ekkert snerti sprautuna.




Stungulyfsstofninn skal leystur upp með 1 ml af leysi. Þegar leysinum er bætt við úr sprautunni, skal halla hettuglasinu og sprautunni á sama hátt og sýnt er á myndinni hér að neðan.



Bætið leysinum út í hettuglasið með stungulyfsstofninum. Bæta skal leysinum rólega í hettuglasið til að koma í veg fyrir froðumyndun. Ef froða myndast er lyfið ónothæft. Leysið stungulyfsstofninn gætilega upp með rólegri, hringhreyfingu. Hristið ekki kröftuglega, því það getur valdið eðlisbreytingu á virka efninu.

Eftir blöndun, skal skoða blönduðu lausnina gaumgæfilega og þess gætt að engar aukaagnir (framandi agnir) séu til staðar eða breytingar orðið á útliti hennar fyrir inndælingu. Ef áður nefnd atriði koma í ljós skal farga lyfinu.

Áður en uppleyst SOMAVERT er dregið úr hettuglasinu skal snúa því með sprautuna enn á kafi í hettuglasinu og ganga úr skugga um að gatið á tappanum sé sýnilegt eins og sýnt er á myndinni hér að neðan:.



Togið nálina niður þannig að nálaroddurinn sé á neðsta stað í vökvanum. Dragið sprautustimpilinn gætilega út til að draga lyfið úr hettuglasinu. Ef loftbólur eru til staðar í sprautunni, skal slá laust á bol sprautunnar þar til þær stíga upp í efsta hluta hennar og síðan ýta gætilega á stimpilinn þannig að loftinu sé dælt aftur inn í hettuglasið.

Áður en sprautunni og nálinni er fargað skal ýta nálarvörninni yfir nálina og gæta þess að hún smelli á sinn stað. Aldrei má nota sprautu og nál aftur.

Einnota. Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/001 10 mg 30 hettuglös
EU/1/02/240/002 15 mg 30 hettuglös
EU/1/02/240/004 20 mg 1 hettuglas
EU/1/02/240/003 20 mg 30 hettuglös
EU/1/02/240/009 25 mg 1 hettuglas
EU/1/02/240/010 25 mg 30 hettuglös
EU/1/02/240/011 30 mg 1 hettuglas
EU/1/02/240/012 30 mg 30 hettuglös

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 13. nóvember 2002
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 20. september 2007

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <https://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Pfizer Health AB
Mariefredsvagen 37
645 41 Strängnäs
Svíþjóð

Pfizer Ireland Pharmaceuticals Unlimited Company
Grange Castle Business Park
Nangor Road
Dublin 22
D22 V8F8
Írland

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Pfizer Manufacturing Belgium NV
Rijksweg 12
2870 Puurs-Sint-Amands
Belgía

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 10 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 10 mg pegvisomant.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 10 mg pegvisomant.

3. HJÁLPAREFNI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat
Vatn fyrir stungulyf

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn

30 hettuglós með stungulyfsstofni
30 áfylltar sprautur með leysi
30 nálar til inndælingar

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið hettuglösín í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösín í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Sjá upplýsingar um aðrar geymsluaðstæður í fylgiseðlinum.

Geymið áfylltu sprauturnar við lægri hita en 30°C eða í kæli. Má ekki frjósa.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/001

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

SOMAVERT 10 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

INNRI ASKJA

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 10 mg stungulyfsstofn, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 10 mg pegvisomant
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 10 mg pegvisomant

3. HJÁLPAREFNI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn, lausn

10 hettuglös með stungulyfsstofni

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösín í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Hettuglösín má geyma við allt að 25°C í eitt tímabil sem nemur allt að 30 dögum.

Við geymslu við stofuhita, notist fyrir: _____

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/001

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

SOMAVERT 10 mg

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

HETTUGLAS MEÐ STUNGULYFSSTOFNI

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

SOMAVERT 10 mg
stungulyfsstofn
pegvisomant
s.c.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

10 mg

6. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**YTRI ASKJA****1. HEITI LYFS**

SOMAVERT 15 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 15 mg pegvisomant.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 15 mg pegvisomant.

3. HJÁLPAFENI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat
Vatn fyrir stungulyf

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn

30 hettuglös með stungulyfsstofni
30 áfylltar sprautur með leysi
30 nálar til inndælingar

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið hettuglösín í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösín í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Sjá upplýsingar um aðrar geymsluaðstæður í fylgiseðlinum.

Geymið áfylltu sprauturnar við lægri hita en 30°C eða í kæli. Má ekki frjósa.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/002

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

SOMAVERT 15 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

INNRI ASKJA

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 15 mg stungulyfsstofn, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 15 mg pegvisomant
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 15 mg pegvisomant

3. HJÁLPAREFNI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn, lausn

10 hettuglös með stungulyfsstofni

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösín í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Hettuglösín má geyma við allt að 25°C í eitt tímabil sem nemur allt að 30 dögum.

Við geymslu við stofuhita, notist fyrir: _____

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/002

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

SOMAVERT 15 mg

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

HETTUGLAS MEÐ STUNGULYFSSTOFNI

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

SOMAVERT 15 mg
stungulyfsstofn
pegvisomant
s.c.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

15 mg

6. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 20 mg stungulyfsstofn og leysir, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 20 mg pegvisomant.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 20 mg pegvisomant.

3. HJÁLPAFENI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat
Vatn fyrir stungulyf

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn

30 hettuglös með stungulyfsstofni
30 áfylltar sprautur með leysi
30 nálar til inndælingar

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið hettuglösin í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösin í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Sjá upplýsingar um aðrar geymsluaðstæður í fylgiseðlinum.

Geymið áfylltu sprauturnar við lægri hita en 30°C eða í kæli. Má ekki frjósa.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Pfizer Europe MA EEIG
Boulevard de la Plaine 17
1050 Bruxelles
Belgía

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/02/240/003

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

SOMAVERT 20 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

INNRI ASKJA

1. HEITI LYFS

SOMAVERT 20 mg stungulyfsstofn, lausn
pegvisomant

2. VIRK(T) EFNI

Eitt hettuglas inniheldur 20 mg pegvisomant
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn 20 mg pegvisomant

3. HJÁLPAREFNI

Glýsín
Mannítól (E421)
Tvínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumtvíhýdrógenfosfat, einhýdrat

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn, lausn

10 hettuglös með stungulyfsstofni

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Til notkunar strax eftir blöndun. Einnota.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösinn í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Hettuglösinn má geyma við allt að 25°C í eitt tímabil sem nemur allt að 30 dögum.

Við geymslu við stofuhita, notist fyrir: _____

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

